

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 24. febrúar 2025 kl. 15.30

Þessi auka fundur var haldinn vegna yfirvofandi verkfalls félagmanna KÍ í Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

Mættir: Elfar Þór Bragason fulltrúi foreldrar, Sigrún Huld Pálmarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Þorgerður Kolbrá Hermundardóttir fulltrúi nemenda í 10.bekk, Annalísa Ósk Rodríguez fulltrúi nemenda í 10.bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Garðar Geirfinnsson aðstoðarskólastjóri.

Fjarverandi voru Sveinn Júlíus Sveinsson fulltrúi foreldrar, Jón H. Sigurmundsson fulltrúi grenndarsamfélags, Eva Káradóttir kennari, Hrönn Guðfinnsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Olga Garðarsdóttir fulltrúi nemenda í 9. Bekk og Karina Murszewska fulltrúi nemenda í 9.bekk.

Skólastjóri bauð alla velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Ólína setti fund og kynnti dagskrá.
2. Skóladagatal 2025 – 2026.
 - Ólína fór yfir drög að skóladagatali næsta árs.
 - Almenn umræða um dagatalið.
 - Rætt hvort möguleiki væri á að vetrarfrisdagar væru settir saman í eitt frí á vorönn. Lagt til að gera viðhorfskönnun meðal foreldra fyrir skólaárið 2026 – 2027 og að sú könnun fari fram næsta haust.
3. Yfirvofandi verkfall kennara.
 - Ólína fór yfir stöðuna varðandi verkfall kennara sem á að hefjast mánudaginn 3. mars og standa til föstudagsins 21. mars ef samningar hafa ekki náðst fyrir þann tíma.
 - Ólína útskýrði verklagsreglur varðandi verkfallið og hvaða starfsfólk verður við störf. Einnig fór hún yfir þá starfsemi sem verður í skólanum meðan verkfall stendur yfir, til dæmis verður bókasafn opið og frístundarheimili opið samkvæmt venjulegri dagskrá. Skólaritari og húsvörður verða einnig við störf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:45
Garðar Geirfinnsson, fundarritari